

AÐALFUNDUR SOLID CLOUDS HF.

16. apríl 2026

Fimmtudaginn 16. apríl 2026 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur félagsins Solid Clouds hf. að Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Eggert Árni Gíslason, stjórnarformaður, setti fundinn og gerði tillögu um Daða Bjarnason, lögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Þorgeir Karlsson yrði kosinn fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til aðalfundar var boðað með tveggja vikna fyrirvara í samræmi við 1. mgr. 13.gr. samþykpta félagsins, með kauphallartilkynningu 1. apríl sl.

Fundarefni skal koma fram í fundarboði í samræmi við 2. mgr. 13. gr. samþykpta félagsins og lágu tillögur fundarins fyrir.

Fundarstjóri upplýsti að til fundarins væru mættir hluthafar og/eða umboðsmenn þeirra sem fara með atkvæðamagn sem samsvarar 62,12% alls hlutafjár í félaginu.

Kannaði fundarstjóri þá hvort einhver félagsmanna gerði athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Engar athugasemdir komu fram. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmatan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál og var eftirfarandi fært til bókar:

1. Skýrsla stjórnar

Eggert Árni Gíslason, formaður stjórnar, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og greindi frá meginþáttum í starfsemi félagsins á liðnu ári.

Í máli Eggerts kom fram að í byrjun árs 2025 hafi félagið átt við lausafjárvanda sem hafði enst fram á mitt síðasta ár. Sú staða hafði verið áhrif getu félagsins til að skala upp auglýsingar frá miðju síðasta ári, sem jafnan hefur verið mesta áhætta félagsins, þegar vöxtur stöðvaðist í kjölfar þess að draga þurfti úr markaðssetningu. Þá skiluðu tilraunir félagsins til að ræsa vöxtinn að nýju ekki tilætluðum árangri.

Í kjölfar þess að félagið náði að klára fjármögnun um mitt síðasta ár fór félagið í gegnum miklar skipulagsbreytingar og úrbætur á síðustu mánuðum þá hefur félagið m.a. tekið fulla stjórn á markaðsstarfinu á ný. Það hefur haft í för með sér að desembermánuður 2025 var sá besti hvað varðar arðsemi (e. ROAS) frá því að auglýsingar hófust að nýju á miðju ári 2025 og hefur sá árangur bara verið að batna það sem liðið hefur af þessu ári.

Í beinu framahaldi vísaði Eggert til þess að í árslok 2025 nam handbært fé félagsins 101,0 millj. kr. og hefur félagið það sem liðið hefur af árinu verið að vinna í áframhaldandi fjármögnun á rekstri. Félagið hefur því að undanfögnu verið í smá kastljósi fjölmiðla vegna þessa en fjármögnun, svo kölluð björgunarfjármögnun, var loks samþykkt af hálfu hluthafa á fundi 1. apríl sl. í kjölfar samninga við stærsta hluthafa félagsins.

Sú fjármögnun er í formi brúarláns til stutts tíma og loks útgáfu breytanlegra skuldabréfa til að tryggja rekstrarfé til lengri tíma og styðja við áframhaldandi vöxt og markaðssókn félagsins. Framangreind vinna er nú öll á lokametrunum og er markmiðið þar með að mæta áætlaðri fjárþörf félagsins út árið 2027.

Að lokum þakkaði Eggert Árni starfsfólki og stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.

Egill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Í máli hans kom fram að tap ársins var rétt tæpar 250 milljónir króna sem er á pari við árið 2024. Handbært fé í árslok 2025 nam 101 milljónir kr. en auk þess gerir félagið ráð fyrir að fá allt að 135 millj. kr. styrk frá Rannís vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar að fengnu staðfestingar Rannís þar um. Félagið hefur svo nýverið lokið við björgunarfjármögnun að fjárhæð allt að 400 milljónir króna að öllum skilyrðum uppfylltum. Í því samhengi vakti Egill athygli á því að í skýringum sé að finna sérstakan fyrirvara um rekstrarhæfi, sbr. bls. 12 í ársreikningnum, enda þótt tekið sé fram að ársreikningur félagsins sé settur fram miðað við áframhaldandi rekstur.

Ársreikningurinn 2025 var samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári og ákvörðun um arðgreiðslur.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar félagsins um að tap af rekstri félagsins verði fært til næsta árs og að vísað væri að öðru leyti til ársreiknings um breytingar á eigin fé félagsins á árinu 2025. Þá var upplýst að stjórn félagsins legði til að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins rekstrarárs.

Tillagan var samþykkt.

4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

Fundarstjóri upplýsti að eftirtaldir aðilar hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Í aðalstjórn:

Andrea Olsen kt. 121280-2999

Bergþóra Halldórsdóttir kt. 091083-3539

Davíð Gunnarsson kt. 240780-5939

Eggert Árni Gíslason kt. 240761-2119

Skúli Skúlason kt. 160865-3189

Í varastjórn:

Björn Ingi Pálsson kt. 160590-2389

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum félagsins skyldi kjósa fimm stjórnarmenn og þrjú varamenn.

Þá vísaði fundarstjóri til þess að þar sem aðeins fimm væru í framboð til fimm sæta í aðalstjórn, þá lagði hann til að fundurinn staðfesti kjör aðalmanna með lófaklappi sem var og gert.

Þar sem aðeins eitt gilt framboð til varamanns hafði borist innan lögmæts frests, taldi fundarstjóri hins vegar ekki unnt að ljúka kjöri varamanna að fullu að svo stöddu. Samþykkti fundurinn því að kjósa aðalmenn stjórnar á fundinum, en fresta kjöri varamanna og fela stjórn félagsins að boða án ástæðulauss dráttar til nýs fundar í því skyni. Jafnframt var bókað að fyrri varamenn, sem síðast voru löglega kjörnir og hvorki hafa látið af störfum né misst hæfi, teljist gegna áfram störfum þar til nýtt lögmætt kjör hefur farið fram.

Varastjórn verði því áfram um sinn skipuð eftirfarandi einstaklingum:

- Björn Ingi Pálsson
- Ólafur Andri Ragnarsson
- Ingólfur Vignir Ævarsson

Var framangreint samþykkt og fært til bókar.

5. Kjör endurskoðanda félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að KPMG ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins næsta árið og að Hlynur Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, yrði ábyrgðarmaður endurskoðunar.

Tillagan var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að stjórnarlaun á mánuði fyrir næstu tólf mánuði verði:

- Formaður stjórnar, 200.000 kr.
- Varaformaður stjórnar, 150.000 kr.
- Aðrir aðalmenn, 100.000 kr.
- Varamenn, 50.000 kr., fyrir hvern setinn fund.

Tillagan var samþykkt.

7. Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt. Fundargerði gerði fundarmönnum grein fyrir að starfskjarastefnan hefði ekki breyst frá síðasta aðalfundi og að stjórn hefði samþykkt starfskjarastefnuna á fundi 1. apríl sl.

Tillagan var samþykkt.

8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Engin önnur mál voru á dagskrá. Fundarstjóri upplýsti því að dagskrá fundarins væri tæmd.

Að lokum var fundargerð fundarins lesin í heyranda hljóði, sbr. 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:25.

Daði Bjarnason
(rafrænt undirritað)

Þorgeir Karlsson
(rafrænt undirritað)